

Efling - stéttarfélag og Verkalýðsfélagið Hlíf annars vegar  
 og  
 SORPA bs. hins vegar  
 gera með sér svofellt samkomulag

1. Aðilar eru sammála um að kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar dagsættur 10. mars 2020 með gildistöku frá 1. apríl 2019, gildi fyrir félagsmenn Eflingar og Hlífar hjá SORPU bs. með þeim viðaukum sem að neðan greinir.
2. Í stað greinar 1.2.1. í kjarasamningi Reykjavíkurborgar komi: Störfum skal raðað eftir starfsmati sem unnið er af verkefnastofu starfsmats sveitafélaga og samstarfsnefnd aðila. Starfsheiti mæð bráðabirgðamat skal raðað í launaflokka um leið og það er búið að meta þau samkvæmt starfsmati og gildir röðunin frá þeim tíma sem starfið tók gildi en enginn lækkar í launum. Eftirfarandi grunnröðun í launaflokka gildir fyrir störf Eflingar/Hlífar hjá SORPU bs.

Starfsheiti	Stig úr starfsmati	Grunnl. frá 1. janúar 2018	Grunnl. frá 1. apríl 2020
Starfsmaður á endurvinnslustöð	352	238	239
Starfsmaður í móttöku- og flokkunarstöð	345	237	238
Starfsmaður urðunarstaðar	417	248	247
Sviðsstjóri móttöku- og flokkunarstöð	371	241	241
Vaktstjóri endurvinnslustöðvar	430	250	249
<b>Starfsheiti með bráðabirgðamat</b>			
Sérstakur vaktstjóri endurvinnslustöðvar	499	261	258
Vélamaður í móttöku- og flokkunarstöð	368	240	241

Í grunnröðun hefur verið tekið tillit til launaflokka vegna hæfni og eru því greinar 1.2.2.4 og 1.2.2.5 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar undanskildar samkomulagi þessu.

Í grunnröðun hefur verið tekið tillit til að í stað lífeyrisauka komi 3 launaflokkar gildir frá 1. janúar 2018.

Fram til 31. mars 2020 skal við mat á starfsaldri samkvæmt grein 1.2.2.2. meta að jöfnu starfsaldur hjá sveitarfélögum sem standa að SORPU bs. Frá 1. apríl 2020 skal fara eftir grein 1.2.2.2 eins og hún er í kjarasamningi Reykjavíkurborgar.

Breyting á grunnlaunafl. 1. apríl 2020 er vegna upptöku nýrrar launatöflu.

### 3. Upphæð áлага og þrifaeininga:

- Stöðvarálag verði 147,00 kr. frá 1. apríl 2019  
     150,68 kr. frá 1. apríl 2020  
     154,45 kr. frá 1. janúar 2021  
     158,31 kr. frá 1. janúar 2022
- Víraálag verði   276,00 kr. frá 1. apríl 2019  
     282,90 kr. frá 1. apríl 2020  
     289,97 kr. frá 1. janúar 2021  
     297,22 kr. frá 1. janúar 2022
- Prifaeining er   2.777,00 kr. frá 1. apríl 2019  
     2.846,43 kr. frá 1. apríl 2020

KK  
 GM  
 HM

2.917,59 kr. frá 1. janúar 2021

2.990,14 kr. frá 1. janúar 2022

#### 4. Sérákvæði í móttökustöð:

- Stöðvarálag er greitt per unna klukkustund
- Fyrir þrif sem eru unnin á umhirðu að vélum fær vélamaður 4 þrifaeinginar á viku.
- Fyrir þrif sem eru unnnin á milligólfí, timburenda og pappírsflokkun er greiddar 2 þrifaeinginar á viku.
- Fyrir umhirðu lyftara sem er sérútbúinn fyrir hleðslu í gáma er greiddar 2 þrifaeinginar á viku.
- Fyrir þrif í móttökustöð neðsta gólf mán.-fim. og laugardaga greiðast 2 einingar pr. mann. Á föstudögum greiðast 3 einingar pr. mann.
- Fyrir þrif á forbrjóti eru greiddar tvær einingar á dag þegar hann er keyrður
- Fyrir þrif á forflokkunarlínu fyrir GAJA eru greiddar 2 þrifaeinginar pr. mann á dag.
- Starfsmenn í móttökustöð fá greiddar 30 mínútur á yfirvinnukaupi á dag í persónulegan þrifatíma. Þrifatíma skal taka utan viðverutíma samkvæmt skráningarkerfi.
- Starfsmaður sem sér um frágang fær greiddar 30 mínútur á yfirvinnukaupi á dag.
- Um akstur til og frá vinnu fer skv. kafla 5 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar. Greiddir eru 21,05 km fyrir hvern unnnin dag þar sem fjarlægð er meira en 600 metra frá stoppustöð Strætó og að þjónusta strætó sé ekki til staðar svo starfsfólk geti uppfyllt viðveruskyldu. Akstursgjald fylgir ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

#### 5. Sérákvæði á urðunarstað í Álfnesi:

- Stöðvarálag er greitt per unna klukkustund
- Fyrir þrif á GAJA er greidd 1 þrifaining pr. mann á dag.
- Fyrir þrif sem eru unnin á Gými í lok vinnudags greiðast 4 þrifaeinginar á viku.
- Vegna mataraðstöðu kemur til greiðslu skv. gr. 3.4.4. í kjarasamningi Reykjavíkurborgar.
- Starfsmenn á urðunarstað fá greiddar 30 mínútur á yfirvinnukaupi á dag í persónulegan þrifatíma. Þrifatíma skal taka utan viðverutíma samkvæmt skráningarkerfi.
- Starfsmaður sem sér um frágang fær greiddar 30 mínútur á yfirvinnukaupi á dag.
- Um akstur til og frá vinnu fer skv. kafla 5 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar. Greiddir er 33,68 km fyrir hvern unnnin dag þar sem fjarlægð er meira en 600 metra frá stoppustöð Strætó og að þjónusta strætó sé til staðar svo starfsfólk geti uppfyllt viðveruskyldu.. Akstursgjald fylgir ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

#### 6. Sérákvæði á endurvinnslustöðvum:

- Stöðvarálag er greitt per unna klukkustund
- Starfsmenn fá greiddar 30 mínútur á yfirvinnukaupi á dag vegna frágangs.
- Starfsmenn fá greiddar 30 mínútur á yfirvinnukaupi um helgar og sérstaka frídaga fyrir opnum.
- Á þeim endurvinnslustöðvum sem opna kl 8:00 fá starfsmenn greiddar 30 mínútur á dag fyrir opnum.
- Vegna mataraðstöðu kemur til greiðsla skv. gr. 3.4.4. í kjarasamning Reykjavíkurborgar.
- Ákvæði 5.4.1 í aðalkjarasamningi um fastan ráðningarástað (heimastöðvar) á ekki við um starfsmenn endurvinnslustöðva SORPU bs. Sjá þó bókun 1 með samningi þessum.
- Um akstur til og frá vinnu fer skv. kafla 5 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar. Greiddir eru 21,05 km fyrir hvern unnnin dag á Breiðhelli og á þeim endurvinnslustöðvum sem eru meira en 600 m frá stoppustöð Strætó og að þjónusta strætó sé ekki til staðar svo starfsfólk

kl  
SN  
HJ

geti uppfyllt viðveruskyldu. Starfsmenn annarra endurvinnslustöðva fá 10,52 km greidda þá daga sem þjónusta strætó er ekki til staðar við upphaf vinnudags. Akstursgjald fylgir ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

7. Grein 2.2.4.1 um vinnutíma starfsmanna gildir einnig fyrir starfsmenn SORPU bs. í móttökustöð.
8. Starfsmenn endurvinnslustöðva SORPU bs. vinna á reglubundnum vöktum skv. grein 2.5. í kjarasamningi Reykjavíkurborgar. Við undirskrift samnings er vinnuskylda 145,77 klst. pr. mánuð og er 84,1% af dagvinnu mánaðar, meðtalinn er aukadagur sem kom eftir styttingu opnunartíma EVST. Til viðbótar fá starfsmenn greiðslu sbr. lið 5 hér að framan og kaffítima skv. grein 2.5.9. í kjarasamningi Reykjavíkurborgar. Vinnuskyldan verður endurreiknuð þegar vinnutímastytting tekur gildi.
9. Bókanir og fylgiskjöl í kjarasamningi Reykjavíkurborgar gilda gagnvart starfsmönnum SORPU bs. í Eflingu/Hlíf, eftir því sem við á, en í stað fylgiskjals VI í samningi Reykjavíkurborgar komi „Ráðningasamningar SORPU bs.“ og í stað fylgiskjals X í samningi Reykjavíkurborgar komi „Starfsreglur SORPU bs.“
10. Samningsaðilar tilnefna hvor um sig 2 fulltrúa í námskeiðsnefnd sem hefur það meginhlutverk að vinna að starfsmenntun starfsmanna.
11. Samningsaðilar tilnefna hvor um sig 3 fulltrúa í samstarfsnefnd sem hefur það meginhlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum.
12. Greiðsla félagsgjalda af félagsmönnum Eflingar og Hlífar sem vinna hjá SORPU bs. skal skila til viðkomandi félags og er þá farið eftir staðsetningu stöðvar.
13. Vegna ferðakostnaðar trúnaðarmanna félaganna á endurvinnslustöðvum, móttökustöð og urðunarstað greiðir SORPA bs. trúnaðarmönnum akstursstyrk sem nemur 2.000 km á ári, ja ñdreift á mánuði.
14. Aðilar eru sammála um að vímuefnaneysla starfsmanns eigi ekki að ógna öryggi annarra starfsmanna. Framkvæmd vímuefnaprófa stuðlar að því að auka öryggi á vinnustað, bæði hvað varðar þann starfsmann sem neytir vímuefna og þá ekki síður öryggi samstarfsmanna og annarra. SORPA er vímuefnalaus vinnustaður og mun gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn í öryggis- og áhættustörfum séu ekki undir áhrifum vímuefna á vinnustað. Um er að ræða störf er lúta að þungaflutningum, öryggisgæslu, og þungaiðnaði (störf þar sem sérstakar öryggiskröfur eru gerðar til í lögum eða samningum).  
Forsendur fyrir því að senda starfsmenn í vímuefnapróf skulu ávallt vera málefnalegar og fyrst og fremst ætlaðar til þess að tryggja sem best öryggi og vinnuvernd starfsmanna, þ.m.t. vernda líf og limi einstaklinga og/eða minnka hættuna á stórfelldu eigna- eða umhverfistjóni.  
Vímuefnapróf eru framkvæmd af trúnaðarlækni eða öðrum viðurkenndum heilbrigðissérfræðingi og mun skoðun og meðferð upplýsinga fara eftir ákvæðum laga nr. 90/2018 um Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.  
Aðgerðir vegna neyslu vímuefna grundvallast á þvag-, blóðprufu og vottorði trúnaðarlæknis.
15. Kjarasamningurinn gildir til 31. mars 2023 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.  
Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan viku frá undirskriftum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl 16:00 þann 23.október 2020 skoðast hann samþykktur.

lel  
8/10  
JN

Sömu samningsforsendur eru með samningi þessum og kjarasamningi Reykjavíkur og kemur til sömu úrræða gagnvart starfsmönnum SORPU bs. og starfsmanna Reykjavíkurborgar sem starfa eftir fyrrgreindum samningi.

Reykjavík 1. október 2020

F.h. Eflingar-stéttarfélags

Með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Jósefín Þormod Þorvaldsson

Hjörleifur S. Gestsdóttir

Jóhann Snorrason

Björnur Áslason

Ragnheiður Ólafsson

F.h. Verkalýðsfélagsins Hlífar

Með fyrirvara um samþykki félagsmanna

F.h. SORPU bs.

Hilmar Þórarinsson

Ágúst Þórir Þórisson

Einar Þórisson

Gunnarur ÍR. Glæeson

Holbeinn Gunnarsson

*Bókun 1.* Starfsmenn skulu að öllu jöfnu hafa fasta starfsstöð og ekki færðir til á milli endurvinnslustöðva nema brýna nauðsyn beri til s.s. vegna veikinda eða manneklu. Kostnaðar vegna tímabundinna tilflutninga skal mætt með fimmföldu strætógvaldi eins og það er á hverjum tíma fyrir hvern unninn dag.

*Bókun 2.* Sorpa ætlar að bæta starfsaðstöðu á Endurvinnslustöðvum og m. a. setja inn þvottavél og þurrkara.

*Bókun 3.* Aðilar munu taka fyrir í samstarfsnefnd skilgreiningar á álögum á fyrsta fundi eftir að kjarasamningur hefur verið samþykktur.